

## Samkomulag um framkvæmd náms í fisktækni

Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar (SÍMEY) og Menntaskólinn á Tröllaskaga (MTR) gera með sér eftirfarandi samkomulag um nám í Fisktækni, sem er 2ja ára grunnnám eða 120 einingar.

### 1. gr. Markmið

Markhópur námsins er starfandi fólk í sjávarútvegi og þátttakendur sem hafa farið í gegnum raunfærnimat er byggir á samþykktri námskrá um fisktækni.

SÍMEY og MTR eru sammála um að vinna saman að kynningu á náminu í Eyjafirði og að þróun þess.

### 2. gr. Hluverk SÍMEY

SÍMEY sér um skipulagningu og ber ábyrgð á raunfærnimati í samræmi við hlutverk og verkefni fræðslu- og símenntunarmiðstöðva.

SÍMEY tekur að sér að kenna ákveðna hluta af námi í fisktækni og leggur til námsleiðina Grunnmenntaskólann. SÍMEY veitir þátttakendum stuðning m.a. náms- og starfsráðgjöf, sjálfstyrkingu og leiðsögn í námstækni. Þeir námsáfangar sem hér falla undir eru: upplýsingatækni (UPPL1TU05), enska (ENSK1GR02), íslenska (ÍSLE1UA05) og íslenska sem annað mál (ÍSAN1OF05) og stærðfræði (STÆR1XX03).

### 3. gr. Hlutverk MTR

Nemendur eru skráðir í MTR þegar þeir hefja nám við skólann sem ber sömu ábyrgð á þeim og öðrum nemendum. MTR skuldbindur sig til að meta nám frá Símey enda fylgi það samþykktri námsbraut í fisktækni.

MTR getur samið við aðra skóla um kennslu einstakra greina utan þeirra er falla undir Símey.

### 4. gr. Húsnæði

Að jafnaði fer námið fram í húsnæði MTR, í fjarkennslu eða í húsnæði SÍMEY. SÍMEY leggur fram húsnæði til námsins endurgjaldslaust.

### 5. gr. Skáning nemenda

Nemendur í fistækni eru skráðir í MTR með sama hætti og á sama tíma og aðrir nemendur MTR og þarf áætlun um kennslu áfanga á brautinni að vera hluti af þriggja ára áætlun skólans um áfangaframboð. Áætlun fyrir hverja önn þarf að vera tilbúin í byrjun október fyrir vorönn og í byrjun mars fyrir haustönn. Ef fjöldi nemenda í áfanga er ekki fullnægjandi auglýsir MTR áfangann eða semur við aðra skóla um kennslu hans. Kennsluáætlunar þurfa að liggja fyrir í upphafi annar og skal senda á áfangastjóra.

## **6. gr. Kennslufyrirkomulag og vinnulag**

Kennrarar sem ráðnir eru af MTR skulu nota kennslufyrirkomulag MTR, allir áfangar eru kenndir í Moodle og leggur MTR fram Moodle þjónustu endurgjaldslaust. Jafnframt sér MTR um þjálfun kennara í þeirri kennslufræði og vinnulagi sem notað er við MTR.

## **7.gr. Ráðning kennara**

MTR gengur frá ráðningum kennara en SÍMEY vegna þeirra greina sem falla undir hana.

## **8. gr. Verkefnisstjóri**

Verkefnisstjóri er starfsmaður SÍMEY. Hann heldur utan um nám nemenda, aðstoðar þá við námsval og kemur að raunfærnimati og viðtölum vegna þess.

Verkefnisstjóri getur komið með tillögu að kennurum vegna áfanga um leið og lagðar eru fram tillögur um námsframboð á komandi önn. Verkefnisstjóri á reglulega fundi með stjórnendum MTR til að ræða stöðu nemenda, þróun námsins og framtíðarhorfur.

## **6. gr. Gildistími og uppsagnarákvæði**

Samkomulag þetta gildir frá undirritun. Það er uppsegjanlegt af hálfu beggja aðila með hið minnsta 6 mánaða fyrirvara og skal uppsögn miðast við 1. janúar eða 1. júní.

## **7. gr. Ágreiningur**


Rísi ágreiningur um framkvæmd samkomulags þessa skal fara með það fyrir dómstóla og reka fyrir Hérðasdómi Norðurlands eystra,

## **8. gr. Fjöldi eintaka**

Samkomulag þetta er í tveimur eintökum, eitt fyrir hvorn samningsaðila.

Dalvík, 9. október 2017

F.h.SÍMEY

  
Valgeir B. Magnússon  
Framkvæmdastjóri SÍMEY

F.h. Menntaskólans á Tröllaskaga

  
Lára Stefánsdóttir  
Skólameistari